

# Tækifæri í útflutningi á þekkingu og þjónustu.

*Geir A. Gunnlaugsson*

Sjávarútvegsráðstefnan 2010
Hafsjór tækifæra
Grand Hótel Reykjavík
6.-7. september 2010

# Þróun fyrirtækja sem framleiða tækjabúnað fyrir vinnslu sjávarafurða

- Fjölmörg fyrirtæki stofnuð á undanförnum 3 áratugum
  - Fjölmörg þeirra vaxið og dafnað
  - Sum náð að verða leiðandi fyrirtæki á alþjóðamarkaði
  - Önnur horfið af sjónarsviðinu
- Hverjar voru forsendur þessarar þróunar?
- Hvað getum við lært af því sem vel hefur tekist
- Eru enn þá möguleikar til vaxtar og nýsköpunar í þessum iðnaði og þá hvar?
- Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?
- Getur þróun búnaðar fyrir vinnslu sjávarafurða verið stökkbretti inn í annan matvælaiðnað?

# Forsendur þróunar greinarinnar

- Íslensk fiskvinnslufyrirtæki hafa á undanförnum þremur áratugum haft öflugt sjóðsstreymi
  - Fjárfest í nýjum tækjabúnaði
    - Nýjar vörur
    - Bæta gæði
    - Auka framleiðni
    - Nýjar vinnslulínur á fimm ára fresti
- Nábýli fiskvinnslu og fyrirtækja sem hafa þróað tæki fyrir fiskvinnsluna
- Fyrirtæki sem þróuðu ný tæki fyrir fiskvinnslu hafa síðan flutt tæknina út

# Forsendur þróunar greinarinnar

- Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu hefur verið sterk
  - Svarað kröfum markaðarins um nýjar vörur
    - Farið úr frystu í ferskt
    - Nýjar  vörur í saltfiski
  - Betri gæði en samkeppnisaðilarnir
  - Arðbær atvinnugrein án styrkja
  - Meiri framleiðni
  - Hefur haft fjármagn til að fjárfesta í nýjum vinnsluaðferðum og aukinni framleiðni
- Heimurinn hefur horft til Íslands
  - Þar hafa hlutirnir verið að gerast í nýjungum

# Eru þessar sömu forsendur til staðar í dag?

- Fiskvinnslufyrirtækin eru mörg hver mjög skuldsett
  - Gengið kaupum og sölum
    - Skuldsett kaup
  - Keypt kvóta
  - Jafnvel verið í áhættufjárfestingum
- Sjóðsstreymi sem áður var nýtt til fjárfestinga í tækjabúnaði sem bætti reksturinn þá, fer nú í bankana
- Óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunar
- Breytt staða
  - Staða krónunnar og lág laun
    - Ekki sama krafa og áður um aukna framleiðni
  - Minni fjárfestingar í nýjum tækjabúnaði
  - Þurfum að leita nýrra tækifæra

# Hvað er samkeppnisstaða?

- Samkeppnisstaða íslenskra útflutningsatvinnuvega er nú sterk vegna lágs gengis krónunnar !
  - Samkeppnisstaðan grundvölluð á lágum launum
    - Er það sem við viljum?
- Þegar laun eru lág er lítill hvati til fjárfestinga í búnaði sem eykur framleiðni
- Er það framtíðarsýn okkar að samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs sé grundvölluð á lágum launum?
  - Viljum við að ferðamenn komi til Íslands vegna þess að hér er allt ódýrt eða vegna þess að sérstaða íslenskrar náttúru er mikil?
    - Er það markiðið að það sé ódýrt að vera ferðamaður á Íslandi?
    - Nei, ferðamenn eiga að koma vegna þeirrar upplifunar sem þeim býðst

# Framtíðarsýn

- Samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs á að grundvallast á því að bjóða samkeppnishæf lífskjör
  - Lífskjör sem eru sambærileg við það sem best gerist í nágrannalöndunum
- Framleiðni í íslensku atvinnulífi verður að vera betri eða jafngóð og í nágrannalöndunum
- Aukin framleiðni verður ekki tryggð nema með fjárfestingum í nýrri tækni og aðferðum
- Þurfum að beita þeim aðferðum til að auka framleiðni sem verið er að beita annars staðar
  - “Lean manufacturing”

# Hvað getum við lært af því sem vel hefur tekist?

- Tvö fyrirtæki hafa nokkra sérstöðu hvað stærð og árangur varðar
  - Marel
    - Hefur leiðandi stöðu í heiminum í vinnslubúnaði fyrir fiskvinnslu
    - Tókst að nota búnað fyrir fiskvinnslu sem stökkbretti yfir í annan matvælaiðnað
  - Sæplast/Promens Dalvík
    - Hefur yfirburða stöðu í heiminum ásamt systurfyrirtækjum í Kanada, á Spáni og Indlandi í sölu og framleiðslu á tvíveggja einöngruðum kerum
    - Hefur náð nokkrum árangri að komast inn í annan matvælaiðnað

# Hvað getum við lært af því sem vel hefur tekist?

- Hvað eiga þessi fyrirtæki sameiginlegt?
  - Stofnuð upp úr 1980
  - Byggðu snemma upp öflugt sölu- og markaðskerfi á útflutningsmörkuðum
  - Framleiðsla með hárri framleiðni
  - Gátu verðlagt vörur sínar þannig að:
    - Þau gátu borgað dreifiaðilum áhugaverða þóknun
    - Hafa að jafnaði skilað hagnaði

# Hvað getum við lært af því sem vel hefur tekist?

- Hvað eiga þessi fyrirtæki sameiginlegt?
  - Áttu “cash cow”
    - Skipavog
    - Ker
  - Voru meðal 10 fyrstu fyrirtækjanna sem fóru á hlutabréfamarkaðinn sem stofnaður var upp úr 1990
    - Höfðu þannig aðgang að fjármagni
  - Voru mjög “fókuseruð”

# Hvað getum við lært af því sem vel hefur tekist?

- Við getum lært eftirfarandi
  - Til að byggja upp öflug fyrirtæki er íslenski markaðurinn of lítill og sveiflukenndur
    - Verðum að byggja upp öflugt sölu- og markaðskerfi á útflutningsmörkuðum
  - Fyrirtækin þurfa að hafa aðgang að fjármagni til að vaxa
    - Nýtt hlutafé
    - "Cash cows"
  - Framleiðsla þarf að hafa háa framleiðni
  - Ávinningur vörunnar þarf að vera mikill fyrir kaupandann
    - "Pay back"
    - Verðið þarf að bera umboðslaun og gefa góða framlegð

# Eru enn þá möguleikar til vaxtar og nýsköpunar í þessum iðnaði og þá hvar?

- Möguleikar vissulega til staðar
  - Meiri á útflutningsmarkaði en innanlands
- Nýsköpun ekki eingöngu eitthvað alveg nýtt heldur einnig endurbætur á núverandi vöru
  - Flæðilínan
  - Kerið

# Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?

- Þurfum trú á því að þarna séu tækifæri til vaxtar
  - Við höfum byggt upp öflug fyrirtæki í þessari grein
  - Það er pláss og þörf fyrir fleiri
- Þurfum að skapa trú fjárfesta á möguleikunum
- Eigum að skoða sameiningar til að búa til öflugri fyrirtæki
  - Það þarf burði til að byggja upp útflutningsmarkað
- Það þarf öflugri vöruþróun

# Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?

- Skoðum þróun Marel



# Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?

- Það getur tekið langa frá því að hugmynd verður til þar til fyrirtæki nær þeim áfanga að ná örum vexti
  - 10 – 15 ár
- Við eigum að horfa til fyrirtækja sem hafa náð þeirri stærð að hafa 30 – 40 manns í vinnu
- Ef réttar forsendur eru til staðar þá eiga þau að geta vaxið mjög hratt
- Eigum að beina fjármagni inn í slík fyrirtæki þannig að þau geti vaxið hratt
- Hugsanlega að sameina fyrirtæki af þeirri stærð

# Hvað þarf til að þessi iðnaður geti haldið áfram að vaxa og dafna?

- Stuðningur hins opinbera
  - Í hverju á hann að vera fólginn?
- Mestu máli skiptir að skapa gott rekstrarumhverfi
  - Stöðugur gjaldmiðill
- Stuðningur við vöruþróun
  - Tækniþróunarsjóður og AVS
    - Virðist vera orðinn hluti af fjármögnun opinberra stofnana
      - Ef umsóknin byggir ekki á samstarfi við opinbera stofnun þá virðast minni líkur að hún fái styrk
      - Stofnanirnar farnar að gera kröfu um hlutdeild í eignarhaldi á því sem út úr verkefninu kemur!
    - Óásættanlegt fyrir fyrirtækin
    - Ef ekki verður breyting á þá þjóna sjóðirnir ekki lengur því hlutverki að vera stuðningur við vöruþróun fyrirtækja

# Getur þróun búnaðar fyrir vinnslu sjávarafurða verið stökkbretti inn í annan matvælaiðnað?

- Hefur vissulega verið gert
  - Marel
    - Tók langan tíma
    - Grundvallað á búnaði sem hafði sannað sig í fiskvinnslu
    - Markvisst sölu- og markaðsstarf
  - Aðrir hafa gert þetta en í minna mæli
    - Sæplast/Promens
    - Skaginn
    - 3X Technology
- Forsenda að hafa búnað sem hefur sannað sig í fiskvinnslu
  - Tekur langan tíma og markvisst starf

# Lokaorð

- Á undanförnum þremur áratugum hefur orðið til öflugur iðnaður á grundvelli samvinnu fiskvinnslunnar og iðnfyrirtækja
  - Iðnaður sem hefur aflað íslensku þjóðarbúi verulegra tekna
- Til staðar eru forsendur til að efla þennan iðnað enn frekar og þar með stuðla að bættum lífskjörum hér á Íslandi
- Þakka ykkur fyrir